myPhonak 6.0

Notendahandbók



A Sonova brand

PHONAK
life is on

Hafist handa

myPhonak er forrit þróað af Sonova, sem er leiðandi fyrirtæki í heyrnarlausnum og er með höfuðstöðvar sínar í Zürich í Sviss. Lestu notendaleiðbeiningarnar vandlega til að njóta góðs af öllum möguleikunum sem forritið hefur upp á að bjóða.

⚠ **Upplýsingar um samhæfi:**
Til að nota myPhonak-forritið þarftu að eiga Phonak-heyrnartæki með Bluetooth® tengingu.
Hægt er að nota myPhonak í símum með Bluetooth Low Energy (BT-LE) getu og það er samhæft við síma sem keyra iOS-útgáfu 14 eða nýrri.
Hægt er að nota myPhonak í Android-tækjum sem vottuð eru af farsímaþjónustu Google Mobile Services (GMS) og styðja Bluetooth 4.2 og Android OS 7.0 eða nýrri útgáfu.

Orðmerki og myndmerki Bluetooth® eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og hvers kyns notkun fyrirtækisins Sonova á slíkum merkjum er samkvæmt leyfi. Önnur vörumerki og vöruheiti eru í eigu viðkomandi eigenda.

Apple®, Apple-merkið og iPhone eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum. App Store er þjónustumerki Apple Inc.

Android™, Google Play og Google Play-merkið eru vörumerki Google Inc.

iOS er vorumerki Cisco Inc.

Efnisyfirlit

Stutt yfirlit - Fjarstýring	3
Uppsetning á myPhonak-forritinu	5
Stofna aðgang/reikning	6
Hagnýt ráð við stofnun aðgangs	7
Pörun við Phonak heyrnartæki	8
Hagnýt ráð við pörun	9
Heima - Yfirlit fjarstýringar	10
Heima - Ítarlegri stillingar í fjarstýringu	12
Hagnýt ráð við ítarlegri stillingar	14
Tæki	15
Notendaviðmót (e. Profile)	16

Stutt yfirlit - Fjarstýring

Fjarstýring



Fjarstýring - í fjarþjónustu**

*Eingöngu fyrir endurhlaðanleg heyrnartæki

Heima



Fjarstýring

Flýtileið í heilsuþátt

Flýtileið að aukinni fræðslu um fjarstýringu

Spurningar og svör

Leiðarkerfi

Heilsa



Heilsuþættir - yfirlit

Ábendingar á önnur heilsutengd forrit

Advanced remote control

including advanced sound settings



Additional information

Advanced equalizer adjustment

Quick preset selection

Volume adjustment

Sound modifiers for noise and speech

Soft/ loud sound adjustment

Uppsetning á forriti

- **Tengdu snjallsímann neti með WiFi eða farsímaneti.**
- **Hafðu kveikt á Bluetooth® símans**



Sæktu myPhonak
Halaðu niður forritinu úr app store / play store. Eftir niðurhal opnaðu appið.



Opna forritið
Þegar þú opnar forritið í fyrsta sinn færðu möguleika á yfirlitsferð. Ef þú vilt hana ekki, smellir þú á **Skip tour**.



Stofna reikning/aðgang
Þú hefur val um að stofna aðgang. Hægt er að nota fjarstýringuna án þess að hafa aðgang. Ef þú vilt nýta þér myPhonak heilsuhluta appsins er gerð krafa um aðgang.



Persónuverndaryfirlýsing
Til þess að geta notað forritið verður þú að haka við reitinn eftir að hafa lesið skilyrði og upplýsingar. Síðan smellir þú á **Proceed**.



Vöruumbætur
Þú getur valið að deila gögnum um notkun, sem gerir okkur kleift að afla okkur þekkingar og bæta vörurnar okkar. Farið er með gögn þín eins og lýst er í skilmálum og eru órekjanleg til þín.

Uppsetning á aðgangi/reikningi í myPhonak

Á Íslandi er fjarþjónusta ekki virk í gegnum myPhonak. Þú þarft því ekki að útbúa sérstakan aðgang/reikning. Hægt er að nota forritið sem fjarstýringu án þess að stofna aðgang. Ef þú stofnar aðgang/reikning þá fylgir þú leiðbeiningunum hér fyrir neðan.



Stofna aðgang/reikning
Þú getur stofnað myPhonak aðgang ef þú vilt. Ef þú vilt nýta þér myPhonak heilsuþáttinn er gerð krafa um aðgang. Ef þú ert nú þegar með aðgang þá velur þú **Login**.



Skráðu þig með netfangi
Notaða netfangið þitt til að skrá þig.



Búðu til lykilorð
Fylgdu leiðbeiningunum til að skrá lykilorð. Lykilorðið verður að vera að lágmarki 8 stafa. Smelltu síðan á **Next**.



Veldu land
Meðhöndlun persónuupplýsinga tengdar aðgangi þínum fara eftir löggjöf þíns lands.



Staðfestingarpóstur
Þegar þú hefur skráð netfang þitt færðu staðfestingarkóða sendan á það netfang. Þegar þú hefur þann kóða ýtir þú á **Enter confirmation code**.

Hagnýt ráð við stofnun aðgangs

Email already in use/ Netfang nú þegar á skrá: Ef þú hefur áður notað sama netfang til að stofna Phonak aðgang, færðu staðfestingarpóst og leiðbeiningar um hvað á að gera. Ef þú vilt stofna nýjan aðgang vinsamlegast notaðu þá annað netfang. Annars getur þú skráð þig inn með sama netfangi og þú hefur notað.



Nettenging
Þú þarft að vera með nettengingu til að stofna aðgang. Gættu þess að snjallsíminn sé tengdur og reyndu aftur.



Endursetja lykilorð
Ef þú manst ekki lykorðið eða vilt endurstilla það skráir þú netfangið þitt og ýtir á **Send**.



Endursetja lykilorð
Þú færð tölvupóst með hlekk til að endurstilla lykilorðið. Fylgdu leiðbeiningunum þar og að lokum smellir þú á **Sign in** með nýja lykilorðinu.



Útrunninn staðfestingarkóði
Kóðinn sem þú þarft til að staðfesta netfangið þitt rennur út eftir sjö daga. Ef hann rennur út þá færðu nýjan með tölvupósti. Skráðu inn nýja kóðann til að klára stofnun aðgangs.



Ógildur staðfestingarkóði
Ef þú slærð inn útrunninn kóða getur ýtt á Resend code til að fá nýjan með tölvupósti. Sláðu inn nýja kóðann og smelltu á **Next** til að klára stofnun aðgangs.

Pörun við Phonak heyrnartæki

Fylgdu eftirfarandi leiðbeiningum til að tengja heyrnartæki með Bluetooth-tengingu við myPhonak-forritið.



Pörunarleiðbeiningar
Smelltu á **Halda áfram** til að hefja leitarferlið. Þú getur smellt á leiðbeiningarnar fyrir óhlaðanleg eða endurhlaðanleg heyrnartæki til að fara yfir leiðbeiningar fyrir tækið þitt.



Leita
Tækið er að leita að samhæfum heyrnartækjum og birtir þau þegar þau finnast. Þetta getur tekið smástund.



Velja
Smelltu á **Velja** þegar heyrnartækin þín birtast á listanum.



Staðfestu hvert tæki
Í Apple tækjum staðfestu pörun með því að velja fyrir hvert tæki. Staðfestu með því að smella á **Para** í sprettiglugganum fyrir hvert tæki.



Viðbótarstillingar
Þegar þú hefur parað heyrnartækin, getur þú valið um að fá símtöl og hljóðstreymi í heyrnartækin. Ýttu á **Continue** ef þú vilt ekki þá stillingu.

Hagnýt ráð við pörun

Mögulegar villumeldingar í uppsetningarferlinu.
Frekari upplýsingar og fróðleikur er að finna á: https://www.phonak.com/myphonakapp



Ósamhæf tæki
Forritið getur ekki tengst tækjunum því þau eru ekki samhæf.
Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn til að fá frekari upplýsingar.



Villa í tengingu við heyrnartæki
Ef pörun við annað heyrnartækið tekst ekki smelltu á **Reyna aftur** til að hefja pörunarferlið upp á nýtt.



Tenging við bæði mistekst
Smellt á **Reyna aftur** til að hefja pörunarferlið upp á nýtt og gættu þess að fylgja leiðbeiningunum.



Staðsetning
Í Android-tækjum þarf að kveikja á staðsetningarþjónustu í fyrsta sinn sem parað er við Bluetooth-tæki. Eftir fyrstu uppsetningu er hægt að slökkva aftur á staðsetningarþjónustu.

Home/Heima - aðalskjár fjarstýringar

Virkni í boði fyrir öll heyrnartæki.



Stilla hljóðstyrk heyrnartækja
Færðu sleðann upp eða niður til að hækka eða lækka hljóðstyrkinn á hvorri hlið.



Skipta hljóðstyrknum
Ýttu á táknið **Skipta** til að skipta upp hljóðstyrks-sleðanum og stilla hvora hlið fyrir sig.



Hljóð af
Þú getur þaggað niður í heyrnartækjum með því að ýta á táknið **Hljóð af**.



Kerfislisti

Skipta um kerfi

Þú hefur aðgang að öllum kerfum þínum efst á valmynd. Með því að draga kerfin til vinstri birtast fleiri til hægri. Þú velur síðan kerfi sem hentar með því að smella á það.
Hér eru þau kerfi sem heyrnarfræðingurinn hefur sett inn og kerfi sem þú býrð til.

Heima - yfirsýn fjarstýringar*



Fleiri stillingar
Virkni sem veltur á því hvernig heyrnartækin voru forrituð og hvaða aukabúnað þú ert með. Ef þú notar utanaðkomandi straumspilunartæki (t.d. sjónvarpstengi eða tónlistarstreymi) getur þú valið að einbeita þér að straumspiluninni (e. streaming) frekar en umhverfishljóðum.



Dæmi
Ef heyrnartæki þín styðja við eyrnasuðskerfi og þú ert með straumspilun í gangi getur þú stillt hvort tveggja í viðeigandi glugga.



Tinnitus noiser /Eyrnasuðsdeyfir
Ef þú ert með eyrnasuð (e. tinnitus) og hefur fengið leiðbeiningar frá heyrnarfræðingi um hvernig á að nota Tinnitus noiser, getur þú stillt hljóðstyrkinn á deyfandi hljóðinu.



Umhverfisjafnvægi
Ef þú notar utanaðkomandi straumspilunartæki (t.d. sjónvarpstengi eða tónlist) getur þú valið að einbeita þér að straumspiluninni frekar en umhverfishljóðum.



Rafhlöðustaða
Rafhleðsla endurhlaðanlegra heyrnartækja sést hér. Ef rafhlaðan er undir 20% verður táknið rautt. Þá er ráðlagt að hlaða fljótlega heyrnartækin.

*Fyrir upplýsingar um samhæfni heyrnartækja og stillinga vinsamlegast hafðu samband við heyrnarfræðing þinn.

Heima - Ítarlegri stillingar í fjarstýringu



Lagfæra kerfi
Með því að smella á **Adjust program** getur þú breytt völdu kerfi með því að nota hljóðstillingarnar.



Stillingar kerfa
Hægt er að breyta völdu kerfi á nokkra vegu. Nota sleðana til að breyta: jöfnun, hljóðstyrk, suðhreinsun, skýrleika í tali og dynamic control.



Forstillingar tónjafnara
Jöfnunarstillingar gera þér kleift að breyta tíðni og hljómi byggðum út frá því hljóðumhverfi sem þú ert í. Með því að smella á equalizer táknið er hægt að gera frekari breytingar.



Stilla hljóðtíðni
Breyttu hljóðinu (tíðni/frequency) með því að hreyfa til sleðana. Ýttu á **Close** til að fara aftur í stillingar.

Heima - Ítarlegri stillingar í fjarstýringu - Búa til nýtt kerfi eða uppfæra kerfi



Persónulegar stillingar
Eftir að þú hefur breytt kerfi getur að valið að uppfæra það með því að smella á **Update** eða velja að vista það sem nýtt með að smella á **Save as new**.



Nefna nýjar stillingar
Þú getur vistað stillingarnar sem nýtt kerfi og nefnt það eftir þínum hentugleika.



Ógilt heiti
Þú getur ekki notað sama heitið aftur eða skilið svæðið eftir autt. Ekki er hægt að vera með fleiri en 22 slagbil.



Kerfi vistað
Þegar nýtt kerfi hefur verið vistað, bætist það við í kerfislistann þinn og þú færð upplýsingar um hversu mörgum kerfum er hægt að bæta við. Ýttu á **Done** til að snúa aftur á aðalvalmynd fjarstýringar. .

*Einungis í völdum heyrnartækjum

Hagnýt ráð - Ítarlegar stillingar





Hámarksfjölda grunnkerfa náð
Þú getur í mesta lagi haft fjögur kerfi sem byggja á sama grunnkerfi. Ef þú ferð yfir færðu upp möguleikann á að skipta út kerfi með því að ýta á **Manage**.





Hámarksfjölda stillikerfa náð
Þú getur vistað allt að 10 kerfi og ef þú nærð því hámarki færðu upp möguleikann á að skipta út kerfi með því að ýta á **Manage**.

Tæki



Heimaskjár tækja
Í Devices hefur þú aðgang að upplýsingum er varða heyrnartækin þín, t.d. kerfis- og tækjastillingar. Þú getur einnig séð stöðu rafhlöðu ef þú ert með endurhlaðanleg heyrnartæki.



Gleyma tækjum
Til að fjarlægja heyrnartækin úr appinu ferðu neðst á skjáin undir Devices flipanum. Skilaboðagluggi birtist eftir að þú hefur smellt á Forget my device(s) þar sem þú þarft að staðfesta til að vista aðgerðina. Athugaðu að þú þarft að para heyrnartækin þín aftur ef þú ætlar að nýta þér appið.



Stjórna kerfum
Í Device programs sérðu öll möguleg kerfi. Smelltu á eitthvert þeirra til að endurnefna eða eyða því kerfi. Það eru til þrenns konar tegundir af kerfum: sjálfvirk, kerfi sem heyrnarfræðingurinn þinn hefur útbúið og kerfi sem þú hefur gert. Ef það er tákn við hliðina á heiti kerfis þá þýðir það að hægt er að stilla á kerfið með því að nota takkann á heyrnartækjunum þínum.



Kerfin í tækjunum
YÞú getur breytt heiti kerfis og/eða eytt kerfinu. Þú getur einnig séð á hvaða grunni kerfið er byggt á. Smelltu á **Delete Program** til að eyða kerfi. Skilaboðagluggi birtist þar sem þú þarft að staðfesta að þú viljir eyða kerfi.

Prófíll /Profile



Profile hluti
Í Prófíl getur þú breytt upplýsingum um þig og stillingum er varða Heilsu og Gagnaöryggi (Health and Data Privacy).

Ef þú vilt skrá þig úr forritinu smelltu á **Sign out**.



Persónulegar upplýsingar
Þú getur breytt persónulegum upplýsingum þínum og öryggisupplýsingum. Ef þú vilt eyða aðganginum smelltu þá á **Delete account**. Þú þarft að skrá inn lykilorðið til að staðfesta þá aðgerð.



Gagnaöryggi
Hér getur þú breytt hvenær sem er hvaða gögnum þú vilt deila með Phonak. Útlistun á hvaða gögn við vinnum með er að finna í Persónuverndaryfirlýsingunni. Hana er að finna í Support > Legal documentation.